



Skólastjórar Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Við leitum að framfarasinnum, skapandi og farsælum leiðtogum til að stýra öflugum skóla.

Til umsóknar eru eftirfarandi stjórnunarstöður í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar:

- **Staða skólastjóra grunnskólasviðs – Heiðarskóli**
- **Staða skólastjóra leikskólasviðs – Skýjaborg**

Skólastjórar grunnskóla- og leikskólasviðs, ásamt aðstoðarskólastjórum á hvoru sviði, mynda skólastjórn í sameinuðum leik- og grunnskóla. Skólastjórar bera ábyrgð hvor á sínu sviði ásamt því að viðhalda og þróa áfram öflugt samstarf á milli skólasviða í sameiginlegri skólastjórn.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2017.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Fagleg forysta í skólastarfi.
- Virk þátttaka í þróun, eflingu og skipulagi skólastarfs.
- Samstarf við sveitarstjórn og aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara/grunnskólakennara og starfsreynsla er skilyrði umsóknar á því skólastigi sem sótt er um.
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum í skólastarfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er æskileg.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræða er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi, sveiganleika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SNS og KÍ.

Umsóknarfrestur er til 27. mars 2017.

Umsóknir skal senda til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranes, eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Skúli Þórðarson sveitarstjóri skuli@hvalfjardarsveit.is,

Daníel Ottesen formaður fræðslu- og skólanefndar

daniel.ottesen@hvalfjardarsveit.is og

Gunnar Gíslason ráðgjafi gg@akmennt.is

Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er 130 barna skóli sem starfræktur er á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Leikskólinn Skýjaborg er í Melahverfi með 40 börn og grunnskólinn Heiðarskóli er við Leirá með um 90 nemendum. Við skólann starfa um 40 starfsmenn. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta starfshætti og teymisvinnu. Í leikskólastarfi er byggt á hugmyndum um nám í gegnum leik og kenningum Deweys um reynslunám. Unnið er eftir uppbyggingarstefnu í grunnskóla, áhersla er á byrjendalæsi og bæði skólasvið taka þátt í grænfánaverkefni. Sérstakt verkefni hefur verið í gangi með notkun spjalddölu í skólastarfi í leik- og grunnskóla. Með því vill skólinn vera leiðandi í að nýta nýjustu upplýsingatækni í námi og kennslu. Skólinn vel búinn tækjum og aðstaða hin besta.